

60. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 11. mars 2010 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs 2008-2009; 2. Reglur um rafræna skjalavörslu og Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga; 3. Starfsmannamál; 4. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs; 5. Samvinnuverkefni héraðsskjalavarða um skjöl sóknarnefnda; 6. Safnanótt 12. febrúar 2010 og Kópavogsdagar 2010. 7. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn

1. **Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs 2008-2009:** Unnið er að ársritinu og gengur vel. Efni liggur fyrir og ritið er nokkurn veginn fullt.
2. **Reglur um rafræna skjalavörslu og Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga:** Lögð eru fram tvö bréf frá Þjóðskjalaverði, annað almennar upplýsingar frá 12. feb. sl. „Viðtaka rafræna skjalasafna á héraðsskjalasöfnum,“ hitt frá 18. febrúar sl. til Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar: „Varðandi rafræna skjalavörslu og eftirlit héraðsskjalasafna í héraði.“ Héraðsskjalaverði var veittur frestur til að senda athugasemdir um erindið til 8. mars og gerði hann það: „Umsögn um bréf, reglur og handbók um skjalavörslu sveitarfélaga frá Þjóðskjalasafni Íslands er send voru héraðsskjalasafni Kópavogs 12. og 18. febrúar 2010.“ Þar varar hann við að fylgja fordæmi Dana við að setja reglur um rafræn, opinber gögn. Telur Hrafn í umsögn sinni að Þjóðskjalasafn reyni að heimta til sín rafræn gögn sveitarfélaga andstætt lögum nr. 60/1985 sem kveða á um að þeim skuli skilað til héraðsskjalasafna. Einnig sé augljóst að mikill kostnaður falli á sveitarstjórnir. Í tilefni af þessu ályktar stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs einróma:

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs telur hugmyndir Þjóðskjalasafns um rafræna skjalavörslu sveitarfélaga ekki nægilega rökstuddar. Vegna óvissu í efnahagsmálum telur stjórnin að áformum um ný og kostnaðarsöm verkefni á borð við rafræna skjalavörslu verði að slá á frest um óákveðinn tíma. Að mati stjórnar eru skilyrði þjóðskjalavarðar um varðveislu rafræna gagna hjá héraðsskjalasöfnum óaðgengileg og ekki nægilega nákvæm. Óljóst er um kostnað við þau sem og útgjöld sveitarfélaga í heild af þeim áformum sem um ræðir þ.e. gerð svokallaðrar vörsluútgáfu og prófun slíkra útgáfna af tölvukerfum á hverjum stað.

Héraðsskjalasöfn eru stofnuð til þess að varðveita skjöl sveitarfélaga skv. 14. grein laga nr. 66/1985. Breyta þarf lögum ef önnur stofnun en héraðsskjalasafn á að taka við, bera ábyrgð á og hafa skyldur gagnvart skjölum sveitarfélags í umdæmi þess á ákveðnu ritunarformi, svo sem filmum eða rafrænum skjölum. Um vörsluframsal skjala, sem nefnd eru í 14. grein laganna, verður ekki samið án sérstakrar lagaheimildar. Sjálfstæði sveitarfélaga má ekki

skerða. Mikilvægt er að alþjóðleg, fagleg viðmið um skjalavörslu séu í heiðri höfð í tengslum við þetta svo sem siðareglur Alþjóða skjalaráðsins ICA og upprunareglan sem þar er nefnd en hún bannar að skjalasöfnum stofnana eða einstaklinga sé sundrað.

Skv. þeim reglum um rafræna skjalavörslu og handbók um skjalavörslu sveitarfélaga sem á þeim byggist að stórum hluta, en boðað hefur verið að hvort tveggja komi út 1. apríl nk., virðist Kópavogsbær ekki geta valið um hvort hann fer út í rafræna skjalavörslu eða varðveitir skjöl sín áfram á pappír. Síðarnefndi kosturinn virðist stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs henta betur miðað við allar aðstæður. Stjórnin óskar eftir því að Kópavogsbær verði undanþeginn þessum reglum og handbók um óákveðinn tíma verði ekki hætt við útgáfu þessara fyrirmæla.

3. **Starfsmannamál:** Hrafn héraðsskjalavörður verður í hálfu fæðingarorlofi út ágústmánuð. Kristín Stella L'Orange verður í fullu fæðingarorlofi út ágúst. Gunnar Marel Hinriksson verður í fullu starfi jafnlengi. Gunnar S. Óskarsson arkitekt verður í hálfu starfi út mars. Jónas Þór Guðmundsson sagnfræðinemi er að vinna hér að skráningu en það er safninu að kostnaðarlausu en skráningin er metin til eininga í námi hans.
4. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs:** Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fer þess á leit að bæjarstjórn Kópavogs skipi nefnd til að gera tillögur um húsnæðismál héraðsskjalasafnsins.
5. **Samvinnuverkefni héraðsskjalavarða um skjöl sóknarnefnda:** Hrafn héraðsskjalavörður og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður fóru 27. nóvember sl. á fund biskups Íslands vegna sérstaks átaks á vegum Félags héraðsskjalavarða til að safna skjölum sóknarnefnda og koma þeim á héraðsskjalasöfn. Hinn 3. febrúar sl. var svo haldinn blaðamannafundur á vegum biskups og Félags héraðsskjalavarða á Dómkirkjuloftinu í Reykjavík til að kynna samvinnuverkefni biskups og Fél. héraðsskjalavarða og Hrafn, héraðsskjalavörður Kópavogs, flutti pistil um sóknarnefndir. Fundarstaður er táknrænn því að á Dómkirkjuloftinu var Landsskjalasafnið stofnað 1882 en það var forveri Þjóðskjalasafns Íslands.
6. **Safnanótt 12. febrúar 2010 og Kópavogsdagar 2010:** Tæplega eitt hundrað gestir heimsóttu Héraðsskjalasafn Kópavogs á safnanótt 12.2. sl. Telur stjórnin að sýningin hafi heppnast vel og verið jákvæð kynning á safninu. Fyrirhugað er að koma upp sýningu tengdri kosningum í Kópavogi frá upphafi á Kópavogsdögum í vor.
7. **Önnur mál:** a) Egill Helgason heimsótti héraðsskjalasafnið nýlega og hyggst fjalla um Ársritið í sjónvarpsþættinum Kiljunni. b) Stofndagur Héraðsskjalasafns Kópavogs er 12. desember 2000 þannig að safnið verður tíu ára á árinu. c) Unnar Ingvarsson, héraðsskjalavörður í Skagafirði, hefur í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík í hyggju að koma upp gagnagrunni með lausavísu og býðst héraðsskjalasöfnum að eiga aðild að honum; stofnkostnaður á hvern aðila er um 50.000 krónur. Telur héraðsskjalavörður vert að taka þátt í verkefninu og samþykkti stjórn einróma að gera það.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.30. Fundarritari Bjarni Ólafsson